

230. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands - haldinn 5. desember 2025

Mætt: Anna Valgerður Sigurðardóttir (skipuð af ráðherra) Ellý Tómasdóttir (skipuð af ráðherra), Friða Rut Stefánsdóttir (fulltrúi foreldra), Jóhann Karl Ásgeirsson (skipaður af ráðherra), Halldóra Guðlaugsdóttir (fulltrúi foreldra), Guðbjörg Bergsveinsdóttir (fulltrúi kennara), Sveinn Ægir Birgisson (fulltrúi sveitarfélaganna), Einar Freyr Elínarson (fulltrúi sveitarfélaganna, á TEAMS), Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari), Soffía Sveinsdóttir (skólameistari).

Gestur á fundi: Haraldur Eiríksson (fjármálastjóri).

Skólameistari setti fundinn kl. 13

Dagskrá:

1. Fjármál FSu og rekstraráætlun árið 2026 (Haraldur fjármálastjóri)
2. Tillögur ráðherra um fyrirhugaðar breytingar á framhaldsskólastiginu
3. Starfsmannamál, breytingar fyrir næstu önn
4. Staða heimavistar
5. Önnur mál

1. Fjármál FSu og rekstraráætlun árið 2026 (Haraldur Eiríksson)

Haraldur kynnti sig og sagði frá vinnu við útkomuspá ársins og rekstraráætlun næsta árs.

Eins og staðan er í dag stefnir í talsverðan halla á rekstri ársins líkt og í flestum öðrum framhaldsskólum á landinu. Enn á eftir að koma inn fjármagn vegna launahækkana kennara og annars starfsfólks á árinu vegna nýrra kjarasamninga.

Hluti af fjárfestingaframlaginu var sett í annan rekstur skólans.

Ljóst að skólinn hefur ekki fengið nægilegt fjármagn til að standa undir starfsemi hans. Reynt hefur verið að spara eins og hægt er, t.d. í fjárfestingum. Þó hefur tekist að spara talsvert með notkun á rafmagnsbílum, bæði hvað varðar eldsneytiskostnað og minni kostnað við akstur starfsfólks.

Nemendafjöldi skólans hefur verið yfir þeim nemendaígildum sem eru ætluð skólanum síðustu ár.

Haraldur fór einnig yfir rekstraráætlun 2026 en með nokkrum fyrirvörum um mögulegar breytingar á fjármálaáætlun hins opinbera. Líklegt að launaliðurinn breytist en húsaleigan mun líklega standa óbreytt.

Umræða um hina ýmsu liði í rekstraráætluninni. Spurt um sértekjur skólans. Stærsti þátturinn þar eru leigutekjur af lðu sem sveitarfélagið Árborg greiðir skólanum. Spurt um ferðir, að

Soffía
SM5 GP

XXX
X6 SEB

langmestu leyti eru það ferðir sem eru farnar sem hluti af Erasmus+ menntaáætlun ESB og eru fjármagnaðar með Erasmus styrk. Spurt um aðkeypta þjónustu, helst er það kostnaður vegna námskeiða, lögfræðiþjónustu, verkfræðiþjónusta svo dæmi sé tekið.

Spurt út í óvæntan kostnað sem kemur mögulega upp, hvort skólinn færi fjármagn milli liða í rekstraráætlun. Svarið að halli er á rekstri skólans og því enginn sérstakur varasjóður til að bregðast við óvæntum útgjöldum.

2. Tillögur ráðherra um fyrirhugaðar breytingar á framhaldsskólastiginu - Soffía

Sveinn Ægir sagði frá því að hann hefði haft samband við ráðuneytið og óskað eftir fundi með skólanefndinni til að fá kynningu á þessum breytingum. Svar hefur enn ekki borist.

Umræða um breytingarnar. Margt enn óljóst.

Spurt hvort Soffía hafi rætt þessar breytingar við sína kollega. Mikil umræða verið á þeim vettvangi, margir uggandi. Ótti við að um niðurskurð verði að ræða.

Umræða um það hvort skólinn sé það stór að það henti ekki vel að þurfa að leita til starfsfólks á svæðisskrifstofu utan skólans. Umræða um fræðsluskrifstofur sveitarfélaganna og stuðning hennar við grunn- og leikskóla. Sá stuðningur nýtist vel í mörgum tilfellum, t.d. í EKKO málum.

Mikilvægt að ýmis atriði verði skýrð betur.

Skólanefndin stefnir á að fara á fund í ráðuneytinu til að fá kynningu á þessum breytingum og fá sínum spurningum svarað. Munu gera samantekt að loknum þeim fundi.

Soffía kynnti glærur sem voru kynntar fyrir ráðherra í heimsókn hans í nóvember. Mun senda skólanefndinni glærurnar að loknum fundi.

Ekki búið að gefa út neinar tímasetningar. Ólíklegt að þær verði að veruleika fyrr en í fyrsta lagi 2027.

Nefnt að stofnun nýs stjórnsýslustigs gangi aðeins gegn markmiðum hins opinbera hvað varðar sameiningar opinberra stofnanna.

3. Starfsmannamál, breytingar fyrir næstu önn

Skólameistari fór yfir fyrirséðar breytingar á starfsmannahópi skólans. Tveir þroskaþjálfar láta af störfum um áramótin og verið er að auglýsa eftir einum þroskaþjálfafa. Skrifstofustjóri skólans lætur einnig af störfum um áramótin og búið er að ganga frá ráðningu á nýjum. Gerðar verða ákveðnar breytingar á skipulagi skrifstofunnar, m.a. stytting á opnunartíma hennar. Þá mun nýr skrifstofustjóri taka að sér ýmis verkefni sem aðrir hafa sinnt hingað til.

Búið er að ganga frá ráðningu á afleysingakennara í húsasmíði. Þá stendur til að ráða einn stuðningsfulltrúa í hlutastarf.

4. Staða heimavistar

SMS
EJK
CB

Soffía kynnir stöðu mála. Leigusali hefur unnið að ýmsum endurbótum á húsnæði heimavistar sem þarf að ljúka fyrir 19. desember nk. Samkvæmt leigusamningi þarf að ákveða með mögulegt framhald á leigu fyrir 31. janúar nk.

Nefnt að mögulega gæti ný svæðisskrifstofu tekið rekstur heimavistarinnar að sér.

Einar undirstrikar mikilvægi þess að heimavist sé í boði fyrir þá nemendur skólans sem þurfa að nýta sér það.

5. Önnur mál

- Soffía kynnti hugmyndir um breytingu á gjaldskrá skólans fyrir dreifnámsnemendur á Reykjum. Myndi vilja hækka gjaldið úr 2.500 í 3.600 kr. til samræmis við sambærilegar breytingar í FVA. Samþykkt að skólinn geri þær breytingar sem stjórnendur telja nauðsynlegar í þessu samhengi.

- Umræða um samráðsfund grunnskólakennara. Ábending um að bjóða samfélagskennurum á næsta fund.

Næsti fundur skólanefndar verður föstudaginn 6. febrúar kl. 13.

Fundi slitið kl. 14:33

Fundargerð ritaði Sigursveinn Sigurðsson.

Hauður Guðadóttir
Sveinn Ágúst Birgisson
Guðbjörg Bergsveinsdóttir
Soffía Guðmundsdóttir
Sigursveinn Sigurðsson

